



Aðalfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1 Egilsstöðum, miðvikudaginn 20. mars kl. 11:00.

Mætt: Björn Ingimarsson formaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri, Tinna Jóhanna Magnusson Rannveig Þórhallsdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Þórdís Sveinsdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla fyrir liðið starfsár
2. Afgreiðsla ársreiknings
3. Kjör endurskoðenda
4. Grisjunarstefna
5. Niðurstöður eftirlits Safnaráðs
6. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.

1. Skýrsla fyrir liðið starfsár

Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri kynnti árskýrslu Minjasafns Austurlands fyrir árið 2023 sem hafði verið send fundarmönnum með fundarboði og er aðgengileg á vef safnsins.

Fram fór umræða um skýrsluna og einstök atriði hennar: Rannveig spurðist fyrir um skráningu safnmuna Ríkharðssafns. Björn greindi frá tilurð og stöðu mála viðvíkjandi Ríkharðssafn.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2024 samþykkir samhljóða árskýrslu Minjasafns Austurlands fyrir árið 2023.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur Minjasafns Austurlands fyrir árið 2023 sem fundarmenn fengu með fundarboði. Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri kynnti ársreikninginn og niðurstöður hans og svaraði fyrirspurnum.

Helstu niðurstöður eru að rekstrartekjur námu 42,9 milljónum króna samanborið við 37,5 milljónir króna í fjárhagsáætlun ársins. Rekstrargjöld námu 56,8 milljónum króna samanborið við 49,4 milljónir króna í áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslið var neikvæð um 13,9 milljónir króna samanborið við 11,9 milljónir króna í áætlun ársins. Fjármagnsliðir voru óverulegir og höfðu þar af leiðandi óveruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu. Eignir námu 27,7 milljónum króna samanborið við 40,5 milljónir króna í árslok 2021. Eigið fé nam 19 milljónum króna samanborið við 32,9 milljónir króna árið á undan. Skuldir námu 8,7 milljónum króna samanborið við 7,7 milljónir króna í árslok 2022. Veltufé til rekstrar nam 13,9 milljónum króna samanborið við 11,9 milljónir króna árið á undan. Handbært fé lækkaði um 0,8 milljónir króna og nam í árslok 3,6 milljónum króna.

Eftir fyrirspurnir og umræður fundarmanna var ársreikningurinn borinn upp til staðfestingar.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2024 samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2023.

3. Kjör endurskoðenda

Lögð fram tillaga um KPMG ehf. sem endurskoðunarfélag safnsins.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2024 samþykkir fyrirliggjandi tillögu samhljóða.

4. Grisjunaráætlun

Lögð fram grisjunaráætlun fyrir safnið. Safnstjóri kynnti áætlunina og svaraði fyrirspurnum.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2024 samþykkir samhljóða fyrirliggjandi grisjunaráætlun.

5. Niðurstöður eftirlits Safnaráðs

Lögð fram frá Safnaráði, skýrsla lokaheimsóknar vegna 2. hluta eftirlits safnaráðs með viðurkenndum söfnum. Niðurstaða eftirlits er að Safnaráð metur að safnið hafi formlega lokið 2. hluta.

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál

Safnstjóri upplýsti um bilun og ástand loftræstikerfis.

Aðalfundur Minjasafns Austurlands 2024 samþykkir að beina því til byggingarnefndar um safnahús að taka endurnýjun og/eða uppfærslu kerfisins til skoðunar með framkvæmdum við viðbyggingu safnahússins.

Fram fór umræða um ástandsmat safnmuna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:10.

Fundargerð ritaði Vilhjálmur Jónsson.